

Kviðskilun - lífhimnuþróf

Tilgangur lífhimnuþrófs er að fylgjast með gæðum hreinsunar og virkni lífhimnu. Prófið er gert 4-6 vikum eftir að kviðskilun hefst og síðan árlega. Framkvæmd þrófsins tekur rúman sólarhring og er það gert að mestu heima. Tekin eru fimm sýni úr útrenslispokum, fjögur eru tekin heima og eitt á skilunardeild. Á sama tíma er gerð sólarhrings þvagsöfnun. Eftir síðustu sýnatökuna, á skilunardeild, er farið í blóðsýnatöku.

Samráð er haft um hvenær prófið er gert. Áður þarf að sækja sýnaglös, sprautur, nálar og þvagsöfnunarbrúsa á skilunardeild og fara yfir leiðbeiningar. Ef einhverjar spurningar vakna síðar má alltaf hafa samband við deildina.

Sé venja að nota kviðskilunarvökva Extraneal má ekki nota hann sólarhringinn sem lífhimnuþrófið er gert. Hafa skal samráð við hjúkrunarfræðing á skilunardeild um hvaða kviðskilunarvökva á að nota í staðinn.

Þvagsöfnun

Þvagi er safnað í þar til gert ílát í einn sólarhring. Því er safnað frá fyrstu þvaglátum daginn sem prófið hefst og lýkur á sama tíma næsta dag. Sem dæmi frá kl. 10 byrjunardag til kl. 10 daginn eftir.

Sýni úr kviðskilunarvökva

Muna handhreinsun fyrir alla meðhöndlun kviðskilunarleggs.



Dagur 1

Lífhimnuþrófið hefst við fyrstu pokaskipti að morgni.

Fyrstu pokaskipti dagsins:

1. Skrá á eyðublað merkt „Lífhimnuþróf“ klukkan hvað útrennsli byrjar eftir nóttina.
2. Tæma sig alveg og vigta útrenslispokann.
3. Skrá þyngd pokans á eyðublaðið í dálkinn „Vökvamagn“ út.
4. Byrja innrennsli með nýjum poka og skrá á eyðublaðið klukkan hvað innrennslið byrjar.
5. Skrá vökvastyrkleikann í nýja pokanum á eyðublaðið.
6. Henda pokanum þegar innrennsli er búið.

Önnur pokaskipti dagsins:

1. Byrja að tæma úr kvið og skrá á eyðublaðið klukkan hvað útrennsli byrjar.
2. Tæma sig alveg og vigta útrenslispokann.
3. Skrá þyngd útrenslispokans á eyðublaðið undir liðnum „Vökvamagn“ út.
4. Taka sýni úr útrenslispokanum. Notið 20ml sprautu og nál, stingið upp í bláa stútinn neðan á pokanum og dragið fulla sprautu. Sprautið því í þvagglas merkt #1, lokið glasinu og geymið í ísskáp. Það má svo henda afganginum af pokanum.
5. Byrja innrennsli með nýjum poka og skrá á eyðublaðið klukkan hvað innrennslið byrjar.
6. Skrá vökvastyrkleikann í nýja pokanum á eyðublaðið.

Þriðju pokaskipti dagsins:

Hér er gert eins og í pokaskiptum nr. 2 nema að nýtt sýni er tekið og sett í glas merkt #2.

Fjórdju pokaskipti dagsins:

Hér er gert eins og í pokaskiptum nr. 2 nema að nýtt sýni er tekið og sett í glas merkt #3.

Dagur 2**Fyrstu pokaskipti dagsins:**

Gera það sama og í pokaskiptum nr. 2 daginn áður nema að nú fer nýja sýnið í glas merkt #4.

Önnur pokaskipti dagsins:

Önnur pokaskipti dagsins fara fram á skilunardeild. Hafa þarf öll fjögur sýnin og brúsann fyrir þvagsöfnun meðferðis þangað. Hjúkrunarfræðingur þar tekur við þeim og tekur nýtt sýni þegar skipt er um poka.

Blóðsýni

Blóðsýni er tekið eftir tæmingu á skilunardeild.

Lífhimnuþróf (PFT)

Nafn		Kennitala	
Hæð	Þyngd	Dagsetning	

Dagur 1

Skipting númer	Byrjun á útrennsli kl.	Byrjun á innrennsli kl.	Styrkleiki innrennslisvökva	Vökvamagn út	Geymið öll sýni í ísskáp
1.					Fleygja þessum poka
2.					Geyma og merkja #1
3.					Geyma og merkja #2
4.					Geyma og merkja #3

Dagur 2

Skipting númer	Byrjun á útrennsli kl.	Byrjun á innrennsli kl.	Styrkleiki innrennslisvökva	Vökvamagn út	Geymið öll sýni í ísskáp
1.					Geyma og merkja #4
2.					Koma á deild merkja #QA

Þvagsöfnun

Þvagsöfnun byrjar að morgni dags 1

Byrjar dags.: _____ kl. _____

Endar dags.: _____ kl. _____

Magn þvags í lok söfnunar _____ ml